



Afkomufrétt
20. febrúar 2007.

Afkoma Icelandair Group 2006

Hagnaður Icelandair Group fyrir skatta 3,1 milljarðar króna

Helstu niðurstöður uppgjörs Icelandair Group:

- Hagnaður Icelandair Group fyrir skatta 2006 var 3,060 milljarðar króna
- Hagnaður Icelandair Group fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var 6,058 milljarðar króna
- EBIT nemur 3,326 milljörðum og eykst um 28% frá síðasta ári
- Hagnaður eftir skatta 2,615 milljarðar króna
- Heildartekjur fyrirtækisins voru 56,1 milljarðar króna-23% aukning frá 2005
- Afkoma 4. ársfjórðungs neikvæð um 555 milljónir króna
- Icelandair Group skráð í Kauphöll Íslands í desember 2006
- Icelandair stærsta fyrirtæki samstæðunnar með um 52% af tekjum félagsins
- Eiginfjárhlutfall 34%
- Handbært fé frá rekstri 6,4 milljarðar króna
- Eignir 76,6 milljarðar króna í árslok 2006

Jón Karl Ólafsson forstjóri Icelandair Group segir: "Rekstur samstæðunnar gekk mjög vel á árinu 2006 og afkoma var nokkuð betri en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir, og sú besta í sögu félagsins. Það er sérstaklega ánægjulegt nú þegar félagið hefur verið skráð í Kauphöll Íslands og er orðið almenningshlutafélag að geta kynnt nýjum hluthöfum góðan hagnað af starfseminni. Árangurinn byggir fyrst og fremst á frábæru og samhentum starfslíði og mikilli reynslu og þekkingu, sem við náum að nýta okkur til að ná góðum árangri. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi vexti fyrirtækisins á næstu árum. Horfur eru almennt góðar og spár gera ráð fyrir vexti í atvinnugreininni. Útlitið er því gott og við ætlum okkur að gera enn betur á árinu 2007."

Lykiltölur úr rekstri Icelandair Group

ISK'000.000	2006	2005	Breyting
	Proforma	Proforma	
Flutningatekjur	34.954	29.448	19%
Leiguflug og flugvéla-leiga	10.675	8.092	32%
Aðrar rekstartekjur	10.514	8.054	31%
Rekstartekjur	56.143	45.595	23%
Laun og launatengd gjöld	17.761	15.463	15%
Eldsneyti	9.524	7.315	30%
Annað	22.800	17.863	28%
Rekstrarhagnaður f. Afskriftir(EBITDA)	6.058	4.953	22%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.326	2.591	28%
Hagnaður/tap f. Skatta EBT	3.060	N/A	N/A
Hagnaður eftir skatta	2.615	N/A	N/A

Í upphafi árs 2006 tilkynnti FL Group áform sín um að selja frá sér rekstur Icelandair Group. Söluferlið stóð með hléum allt árið og lauk með skráningu félagsins í Kauphöll Íslands þann 14. desember.

Afkoma Áætlunarflugsins góð og breytingar framundan.

Starfsemi Icelandair Group er skipt í þrjú áherslusvið. Stærst þeirra er Alþjóðlegt millilandaflug með fyrirtækjunum Icelandair, Icelandair Cargo, Icelandair Technical Services og Icelandair Ground Services. Heildarvelta þessara fyrirtækja var 42 milljarðar króna og EBITDA var 3.484 milljarðar króna.

Leiðarkerfi Icelandair tengir saman á Keflavíkurflugvelli áætlunarflug milli Íslands og Evrópu annars vegar og Íslands og Norður-Ameríku hins vegar. Félagið skiptir markaði sínum í þrennt, í farþega frá Íslandi, farþega til Íslands og farþega um Ísland. Árangur félagsins var góður á öllum mörkuðum, en mikil aukning varð á farþegaflutningi frá Íslandi. Á árinu 2006 flutti félagið í heild 1.536.0000 farþega, sem er 1% aukning frá fyrra ári og sætanýting var 76,1%, sem er 1,5 prósentustiga lækkun frá 2005. Flutningar hjá Icelandair Cargo jukust um 13% á milli ára

Jón Karl Ólafsson: ”Við ætlum okkur að bæta enn afkomuna af áætlunarfluginu og erum að gera nokkrar lykilbreytingar sem miða að því. Við höfum nýlega tekið í notkun nýtt tekjustýringarkerfi og eflt tekjustýringarþátt félagsins. Við höfum auk þess samið um endurnýjun á öllum sætum í flugvélar félagsins. Gengið hefur verið til samninga um kaup á affþreyingar- og skemmtikerfi í flugvélarnar. Gert er ráð fyrir, að hver farþegi hafi aðgengi að eigin skjám með skemmtiefni og upplýsingum og mun þetta gjörbreyta upplifun farþega okkar um borð í flugvélum félagsins. Við munum á næstu vikum setja upp nýja stjórnunarmiðstöð fyrir áætlunarfluginu, sem miðar að því að auka hagkvæmni og auka þjónustu við farþega. Næsta sumar bætum við þremur nýjum áfangastöðum, Halifax, Bergen og Gautaborg, í leiðakerfið og tökum auk þess upp morgunflug út úr Evrópu til Íslands og frá Íslandi til Norður-Ameríku. Við gerum sömuleiðis ráð fyrir töluvert auknum umsvifum í fraktflutningum, þar sem eftirspurn hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Efnahagsástand á helstu mörkuðum félagsins er almennt gott og við ætlum að vaxa áfram og auka hagnað af þessari kjarnastarfsemi Icelandair Group”

Mikill vöxtur í Alþjóðlegu leiguflugi og Flugvélaviðskiptum

Mjög ör vöxtur einkenndi þessa starfsemi félagsins og hagnaður sviðsins var talsvert umfram væntingar. Á sviði alþjóðlegs leiguflugs og flugvélaviðskipta starfa félögin Loftleiðir-Icelandic, Bláfugl og Icelease. Loftleiðir-Icelandic eignaðist á árinu meirihluta í lettneska leiguflugfélaginu Latcharter, og jók þar með umsvif sín verulega. Jafnframt keypti félagið og seldi tvær flugvélar, sem það hafði áður á leigu, og innleysti við það umtalsverðan söluhagnað. Icelease tók á móti 9 nýjum Boeing 737-800 flugvélum, og afhenti 6 þeirra til leigutaka í Kína. 3 flugvélar voru seldar og afhentar nýjum eigendum. Bláfugl eignaðist tvær Boeing 737-400 flugvélar sem nú er verið að breyta í fraktvélar. Heildarvelta á þessara fyrirtækja var um 10,7 milljarðar og EBITDA var 1,589 milljarðar.

Jón Karl Ólafsson: ”Við höfum á undanförunum árum byggt hratt undir þekkingargrunn á þessu sviði og við sjáum gríðarlega vaxtarmöguleika, með þátttöku í ört vaxandi viðskiptum í tengslum við kaup, sölu og leigu á flugvélum. Við gerum ráð fyrir að vaxa hratt á næsta ári og horfum einkum til markaða í austur Evrópu, Afríku og suðaustur Asíu þar sem við höfum þegar byggt upp traust og góð viðskiptasambönd”.

Viðsnúningur fyrirtækja á sviði ferðaþjónustu

Innan þessa sviðs starfa fyrirtækin Flugfélag Íslands, Icelandair Hotels og Iceland Travel. Heildarvelta þessara fyrirtækja var 8,7 milljarðar og EBITDA var 1,086 milljarður króna. Farþegar Flugfélags Íslands voru 372.745 og fjölgaði 7,4 % milli ára. Reksturinn skilar góðum hagnaði fimmta árið í röð. Verulegur viðsnúningur varð hjá Icelandair Hotels og Iceland Travel, en rekstur þessara félaga hefur verið erfiður undanfarin ár. Herbergjanýting hækkaði umtalsvert, og veitingatekjur jukust verulega. Eftir mikla endurnýjun undanfarin ár, var nú starfsemi Hótel Nordica með að fullu allt árið. Starfsmenn félagsins hafa unnið gott starf við að auka tekjur, gestum hefur fjölgað og ráðstefnuhald er í góðum höndum. Starfsemi Iceland Travel var endurskipulögð frá grunni, og m.a. var söluskrifstofum erlendis lokað. Þessar breytingar hafa haft mjög jákvæð áhrif á afkomu félagsins.

Jón Karl Ólafsson: ”Það er mjög ánægjulegt að sjá þann mikla viðsnúning sem varð á rekstri Icelandair Hotels og Iceland Travel á árinu, eftir nokkur erfið ár í rekstri þeirra félaga. Rekstur Flugfélags Íslands hefur áfram gengið vel og er ánægjulegt að sjá vöxt á nær öllum flugleiðum innanlands. Við sjáum fram á áframhaldandi góðan rekstur allra þessara fyrirtækja með áframhaldandi fjölgun ferðamanna og umsvifum í atvinnulífinu víða um land”.

Stoðsvið fært að hluta til Eistlands

Rekstur Fjárvakurs, sem er fjármálaþjónustufyrirtæki Icelandair Group gekk vel á árinu. Á árinu fjárfesti félagið í eistneska bókhaldsfyrirtækinu ASE, first og fremst í þeim tilgangi að lækka kostnað og auka hagkvæmni í rekstri. Fyrirtækið sérhæfir sig í tekjubókhaldsþjónustu fyrir flugfélög og hefur allt tekjubókhald Icelandair verið flutt til ASE.

Um uppgjör Icelandair Group

Í uppgjöri Icelandair Group fyrir árið 2006 birtist sýn á fjármál félagsins eftir miklar breytingar á síðasta ári. Í söluférlinu voru yfirfærðar frá FL Group til Icelandair Group eignir og lán og í tengslum við þær yfirfærslur var ráðist í endurfjármögnun lána með hagkvæmnissjónarmið að leiðarljósi. Einnig var bókfært verð fimm Boeing 757 flugvéla félagsins aðlagð markaðsvirði við eigendaskipti fyrirtækisins eins og reikningsskilastaðlar kveða á um.

Stefnt að auknum hagnaði Icelandair Group á árinu 2007:

Jón Karl Ólafsson: ”Icelandair Group er í raun nýtt fyrirtæki sem fagnar þó á þessu ári 70 ára afmæli sínu. Í þessum andstæðum felast spennandi og sérstök tækifæri, sem byggja annarsvegar á nútímalegri sýn á reksturinn og möguleikum til vaxtar og útrásar, en

hinsvegar á reynslu og þeirri góðvild sem fylgir traustum rekstri í marga áratugi. Við stefnum að því á árinu 2007 að auka og efla kjarnastarfsemina, sem er alþjóðlegt áætlunarflug með farþega og vörur, og að vaxa hratt á sviði leiguflugs og flugvélaviðskipta. Efnahagsástand á helstu mörkuðum okkar er almennt gott og vegur það að nokkru á móti mjög háu eldsneytisverði. Spár gera áfram ráð fyrir miklum vexti í alþjóðaflugstarfsemi og við gerum ráð fyrir að ferðamönnum hér á landi og í heiminum almennt muni fjölga á næstu árum. Samkeppni er hörð í greininni en félög innan Icelandair Group eru vel rekin og hafa alla burði til innri og ytri vaxtar. Áætlanir okkar gera ráð fyrir að rekstur ársins 2007 muni skila enn betri afkomu en á árinu 2006.”

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur fyrir árið 2006 fyrir Icelandair Group samstæðuna var samþykktur á stjórnarfundum fyrr í dag. Árs hlutareikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards), hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 21. febrúar, á Hótel Nordica (Sal H). Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30.

Kynningarfundur á ensku verður varpað á netinu kl. 13:00 þann 21. febrúar á slóðinni <http://icelandairgroup.webex.com>.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands.

Næstu uppgjör Icelandair Group hf:

Uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 verður birt 8. maí 2007

Uppgjör fyrir annan ársfjórðung 2007 verður birt 7. ágúst 2007

Uppgjör fyrir þriðja ársfjórðung 2007 verður birt 13. nóvember 2007

Uppgjör fyrir fjórða ársfjórðung 2007 og ársuppgjör verður birt í viku 8

Aðalfundur Icelandair Group

Aðalfundur Icelandair Group verður haldinn 13. mars 2007. Fundurinn verður haldinn á Hótel Nordica og hefst kl 16:00.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um uppgjörin veitir forstjóri Icelandair Group Jón Karl Ólafsson forstjóri í síma 5050371 og Guðjón Arngrímsson upplýsingastjóri í síma 5050393.